

Miðvikudaginn 3. janúar 1996.

Nr. 24/1995.

Vinnuveitendasamband Íslands

(Jón H. Magnússon hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands

f.h. Verkamannasambands Íslands vegna

Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur

og nágrennis

(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219 Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, kt. 680269-5729, Hafnargötu 80, Keflavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnuveitendasamband Íslands sé ólögmæt og gildislaus.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað auk virðisaukaskatts að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Dráttarvextir leggist á málskostnað á 12 mánaða fresti.

Málavextir.

Hinn 21. febrúar 1995 gerði Vinnuveitendasamband Íslands vegna aðildarfélaga þess og einstakra meðlima og Vinnumálasambandið

annars vegar og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarfélaga þess hins vegar kjarasamning. Með kjarasamningi þessum skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningunum.

Í kjarasamningi aðila eru svohljóðandi ákvæði um forsendur samningsins og endurskoðun hans á samningstímabilinu:

„16. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

17. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Með bréfi dags. 30. nóvember 1995 tilkynnti stefndi, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, stefnanda, að fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs félagsins, hafi í framhaldi af ályktun félagsfundar þann 22. nóvember ákveðið að segja gildandi kjarasamningi félagsins við vinnuveitendur lausum, enda hafi marktæk frávik orðið á samningsforsendum að mati stjórnarinnar. Uppsögnin tilkynnist með eins mánaðar fyrirvara og tuki gildi 31. desember 1995.

Þann 30. nóvember 1995 komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda

að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“ Í framhaldi af niðurstöðu launaneftndar sendi stefnandi bréf til stjórnar og trúnaðarmannaráðs stefnda þar sem farið var fram á það að stefndi endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna. Með bréfi stefnda þann 8. desember 1995 ítrekaði stefndi fyrri ákvörðun um uppsögn kjarasamninga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi höfðar á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, á kjarasamningi við Vinnuveitendasamband Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr. samningsins og því ólögmat.

Kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans sem eru tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launaneftnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launaneftndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Fyrst eftir að launaneftnd hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir kjarasamninga, sem einungis yrði tekin á vettvangi launaneftndar, ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 30. nóvember 1995 hafi því verið haldið fram að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum að mati stjórnar stefnda án þess að nánari grein væri gerð fyrir fullyrðingunni. Í 16. grein kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar séu forsendur samninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að

verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður.

Með samþykkt kjarasamnings Verkamannsambandsins frá 21. febrúar 1995 hafi stefndi Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis veitt launanefnd landssambanda ASÍ og vinnuveitenda umboð til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávik hafi orðið frá samningsforsendum skv. 16. gr. og hvort segja eigi upp samningum, en skv. niðurlagi 17. gr. sé ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Launanefndin, sem hafi starfað í samræmi við 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins, hafi þann 30. nóvember 1995 komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Stefndi hafi með bréfi 8. desember hafnað áskorun stefnanda um að draga uppsögn kjarasamninga til baka. Í bréfi sínu 30. nóvember hafi stefndi haldið því fram að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum að mati stjórnar stefnda, sem sé í andstöðu við niðurstöðu launanefndar, en henni einni hafi af aðilum verið falið að meta samningsforsendur.

Ótvírætt sé því að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, launanefnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanefndar og sé því uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmat og kjarasamningar stefnanda og stefnda gildi til 31. desember 1996.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að með samningnum 21. febrúar 1995 hafi fylgt tvíblöðungur, eins konar skýring á innihaldi kjarasamninganna, með yfirskriftinni Kjarasamningar 21. febrúar 1995. Þetta skjal sé merkt Vinnuveitendasambandi Íslands, Landsamböndum innan ASÍ og Vinnumálasambandinu. Hafi þetta skjal verið unnið sameiginlega af starfsmönnum ASÍ og VSÍ. Þar hafi verið greint frá efnisinnihaldi hins nýgerða kjarasamnings og markmiðum hans. Lægstu laun skyldu hækka sérstaklega, kaupmáttur að aukast og stöðugleikinn tryggður. Greint hafi verið frá þeim launhækkunum sem fælust í samningnum og hvenær þær tækju gildi.

Einnig hafi verið fjallað um desemberuppbót og launabætur. Í lok skjalsins segi eftirfarandi:

Sátt um launajöfnun sem samningurinn endurspeglar byggir á því að þeir hærra launuðu í Þjóðfélaginu sætti sig við að laun þeirra fyrir dagvinnu hækki um fasta krónutölu 2.700 kr. á mánuði á árinu 1995. Náist ekki víðtæk samstaða um þessa leið er ljóst að meginmarkmiðum samningsins um áframhaldandi stöðugleika og launajöfnun er teft í tvísýnu.

Skilyrði þess að samningsmarkmiðunum verði náð er að víðtæk samstaða skapist meðal allra tekjuhópa í samfélaginu um að sá bati, sem kominn er fram í Þjóðarbúskap okkar gangi ríkar fram til þeirra sem lægri hafa launin.

Þetta skjal hafi verið tekið upp í heild sinni í fréttabréfi ASÍ, en fréttabréfinu hafi verið dreift í mjög stóru upplagi til allra félaga innan ASÍ og notað af hálfu samtakanna til kynningar á kjarasamningunum.

Í fréttaumfjöllun í tengslum við kjarasamninginn komi víðar fram þetta skýra markmið með samningsgerðinni. Í Morgunblaðinu 22. febrúar 1995 sé eftirfarandi haft eftir Davíð Oddssyni, forsætisráðherra:

Það er ekki vafi í mínum huga að þessir samningar, sem ná til langstærsta hluta vinnumarkaðarins, þess hluta sem lýtur lögmálum þjóðarteknanna meira en aðrir, verða algerlega fordæmisskapandi fyrir aðra samninga.

Í kjölfar samninganna í febrúar 1995 hafi launanefnd verið skipuð. Fulltrúar launafólks voru skipaðir af hópi formanna landssambanda og voru þeir forseti og varaforseti ASÍ svo og formaður Verkamannasambands Íslands.

Þegar önnur félög og samtök á vinnumarkaði gerðu síðan sína samninga í kjölfar samninganna 21. febrúar 1995 hafi þar verið samið um verulega hærri laun en hafði verið gert í samningunum í febrúar og um prósentuhækkanir í stað krónutöluhækkana þannig að ekki var lengur tryggt að batinn skilaði sér til þeirra sem lægri höfðu launin. Með úrskurði Kjaradóms í september sl., sem hafi kveðið á um verulegar launahækkanir til æðstu embættismanna þjóðarinnar, og með ákvörðun forsetanefndar Alþingis um skattfrjálsar kostnaðargreiðslur til þingmanna komi enn frekar í ljós að ekki hafi verið unnið eftir þeim markmiðum sem sett höfðu verið í

kjarasamningunum frá í febrúar. Sú sátt sem náðst hafði og hafði verið leiðandi í kjarasamningsgerð allt frá því í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins frá febrúar 1990 hafi verið brostin.

Á þingi Verkamannasambands Íslands í október sl. hafi verið samþykkt ályktun þess efnis að skora á launanefnd og verkalýðs-félögin að segja kjarasamningum upp og hefja strax undirbúning að gerð nýrra kjarasamninga.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamningsins skyldi launanefnd hafa komist að niðurstöðu um uppsögn kjarasamningsins fyrir 30. nóvember 1995. Ekki hafi verið ljóst fyrr en eftir kl. 17.00 þann 30. nóvember sl. á blaðamannafundi sem haldinn var á skrifstofu ASÍ hver yrði niðurstaða launanefndar. Tilkynning um niðurstöðu launanefndar hafi verið að berast VSFÍ frá 19.30 til 22.00 þá um kvöldið. Á fundi stjórnar- og trúnaðarmannaráðs félagsins, sem haldinn var í hádeg-inu þann 30. nóvember, hafi stjórn og trúnaðarmannaráð samþykkt að segja samningum upp þar sem ekki hafi verið unnt að bíða lengur niðurstöðu launanefndar. Tilkynning þess efnis hafi verið borin til aðila fyrir kl. 16. 00 þann dag.

Í séráliti Björns Grétars Sveinssonar formanns Verkamannasambands Íslands í launanefndinni komi fram að í þeim gögnum sem lágu fyrir launanefnd hafi legið fyrir það mat hagdeildar ASÍ sem staðfest hafi verið með skýrslu Þjóðhagsstofnunar, að bilið milli hækkunar kauptaxta þeirra sem sömdu í febrúar sl. og hinna sem síðar sömdu væri að lágmarki kr. 3000. Meirihluti launanefndar hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til að segja upp kjarasamningum um áramót. Jafnframt hafi meirihlutinn gert tillögu til samningsaðila um hækkun á desemberuppbót, og skyldu samningsaðilar taka afstöðu til þess fyrir kl. 16.30 þann 8. desember 1995. Formaður Verkamannasambands Íslands hafi skilað séráliti og ekki staðið að tillögu meirihlutans.

Kröfu sína um sýknu byggir stefnda á eftirfarandi:

1) Launanefnd hafi farið út fyrir umboð það sem henni var veitt í kjarasamningunum við mat sitt á forsendum kjarasamninganna.

Samkvæmt skýrum ákvæðum 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 séu stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Það sé því í höndum Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis að

semja fyrir félagsmenn sína svo og að segja upp kjarasamningum. Með kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995 hafi launanevnd ekki verið afsalað eða framselt þetta vald félagsins heldur einungis falið að meta forsendur til uppsagnarinnar. Uppsagnarrétturinn sem slíkur liggja alltaf í hendi félagsins sjálfs og hafi ekki og verði ekki afsalað neitt nema með skýru umboði þar um. Sú launanevnd sem sett var á laggirnar með kjarasamningunum í febrúar hafi ekkert slíkt umboð haft, heldur hafi henni einungis verið ætlað að 1) fylgjast með framvindu efnahags- atvinnu- og verðlagsmála og 2) gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverjum tíma, 3) beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins.

Sé ákvæði um launanevnd í samningunum 1995 borið saman við ákvæði samninganna 1993 komi í ljós munur á umboði þessara tveggja nefnda. Árið 1993 hafi launanevnd verið skipuð af Alþýðusambandinu og átt að fylgjast með framvindu efnahagsmála og gera tillögur um viðbrögð til Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og stjórnvalda, þ.e.a.s. þeirra samtaka sem að nefndinni stóðu. Í þeim samningi stóð berum orðum: „Heimilt er hvorum hluta launanevndar að segja samningum lausum ...“

Í samningunum sem gerðir voru á þessu ári, 1995, hafi orðalag verið annað bæði hvað varðar skipun og hlutverk. Launanevndin sé nú skipuð þrem fulltrúum frá landssamböndunum innan ASÍ, hlutverk hennar sé að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála á samningstímanum og gera tillögur um viðbrögð til „samtakanna“. Hér hljóti að vera átt við landssamböndin, því ASÍ hafi ekki verið aðili kjarasamninganna frá í vor. Síðan segi: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánáðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt 16. gr.“

Orðalag samninganna um uppsagnarfrest launanevndarinnar eins og það var 1993 sé ekki lengur til staðar í samningunum 1995. Þessi breyting verði ekki skilin öðru vísi en þannig að samningsaðilar hafi ætlað þessari launanevnd takmarkaðra hlutverk og falið henni takmarkaðra umboð en 1993. Hún hafi ekki haft umboð til að breyta kjarasamningum eða segja þeim upp.

2) Launanevnd hafi ekki tekið afstöðu til forsendna kjarasamn-

ingsins innan þess tíma sem henni var ætlað að gera samkvæmt kjarasamningi og því hafi félögum sjálfum verið nauðugur einn kostur að taka afstöðu til forsendna samningsins.

Launanefndin hafi skýrt frá tillögum sínum á blaðamannafundi sem haldinn var kl. 17. fimmtudaginn 30. nóvember 1995. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis hafi fengið tilkynningu launaneftdarinnar senda á faxi kl. 20.30 um kvöldið. Skrifstofur Vinnuveitendasambandsins loki kl. 16.30 á daginn. Því hafi verið orðið of seint fyrir einstök félög að taka afstöðu til tillagna launaneftdarinnar eins og þær lágu fyrir á hvorn veginn sem þær þá voru. Sá tími hafi verið liðinn sem félögin höfðu haft til að taka afstöðu til niðurstöðunnar og bregðast við henni. Slíka tilkynningu hafi orðið að senda til viðsejenda fyrir lokun á skrifstofum samtakanna, eða fyrir kl. 16.30 þann 10. nóvember. Félagið hafi því sjálft úr því sem komið var orðið og hafi haft til þess fullar heimildir á grundvelli 5. gr. 1. um stéttarfélag og vinnudeilur að taka afstöðu til uppsagnarinnar. Félagið hafi gert það og tilkynnt með lögformlegum hætti til viðsejenda.

Jafnvel þótt dómurinn teldi að launaneftndin hefði haft uppsagnarheimild hafi ákvörðun nefndarinnar legið of seint fyrir til að hægt hefði verið að tilkynna slíkt með áskildum fyrirvara.

3) Tilboð VSÍ í bréfi til félagsins dags. 30.11.1995 þar sem þess er óskað að VSFK endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna hafi ekkert gildi. Það bréf hafi borist VSFK eftir að sá frestur var liðinn sem gafst til að taka afstöðu til uppsagnar kjarasamninga. Þegar á það sé litið að í kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995 sé kveðið á um þann tímafrest sem félög þurfa að tilkynna um uppsögn á samningi þá geti annar aðilinn ekki á eigin spýtur breytt því ákvæði og veitt rýmri fresti en kjarasamningurinn kveði á um. Um það þurfi að semja upp á nýtt milli aðila.

Þar sem launaneftndin hafi brunnið inni á tíma hafi félögunum verið nauðugur sá kostur á grundvelli 3. og 5. gr. 1. 80/1938 að bregðast við innan tímamarka og taka afstöðu til þess hvort forsendur fyrir tilvist samningsins væru brostnar ef segja átti samningnum upp miðað við áramót og að leggja sjálfstætt mat á forsendur. Ljóst hafi verið að yfirlýst markmið með kjarasamningi aðila frá febrúar hafi verið að jafna launaþróun. Komi þetta fram í fylgiblaði með kjarasamningunum þar sem fjallað er um sátt um launajöfnun

og einnig komi þetta fram í niðurlagsákvæði niðurstöðu launaneftndar þar sem segir:

„Með hliðsjón af markmiðum um að jafna nokkuð launaþróun þeirra sem sömdu í upphafi árs við launaþróun þeirra er síðar sömdu svo og markmiða um launajöfnun . . .“

Þrátt fyrir það að ríkisstjórnin hafi hætt við að draga til baka þær aðgerðir sem hún hafi lofað í tengslum við kjarasamningana hafi það verið mat stjórnar og trúnaðarmannaráðs VSFK að forsendur væru brostnar fyrir kjarasamningnum. Það hafi enn fremur verið mat stjórnar og trúnaðarmannaráðs VSFK svo og félagsfundar í félaginu að tilboð um viðbótarhækkun á desemberuppbót breytti engu þar um. Forsendur væru brostnar.

Í stefnu sé því haldið fram að forsendur kjarasamningsins séu tæmandi taldar í 16. gr. samningsins. Þessu er mótmælt. Þótt í 16. gr. séu tínd til þau atriði sem taka skuli tillit til við mat á uppsagnarheimild á samningi sé það almennt viðurkennt í vinnurétti bæði hér á landi og á Norðurlöndum að ógildingarástæður samningaréttarins gildi um kjarasamninga að svo miklu leyti sem þær geti átt við.

Þegar talað er um brostnar forsendur í samningarétti sé átt við forsendur sem ekki séu skráðar eða ekki sérstaklega teknar fram við kjarasamningsgerðina. Hugtakið brostnar forsendur sé skilgreint sem þær hvatir eða ástæður sem liggi að baki samningsgerð og hafa ekki verið gerðar að skilyrði við samningsgerðina. Það séu einmitt slíkar óskráðar forsendur sem hafi brostið þegar ljóst varð að meginmarkmið kjarasamninganna frá í febrúar um víðtæka samstöðu meðal allra tekjuhópa í samfélaginu um að sá bati sem kominn væri fram í þjóðarbúskap Íslendinga gengi ríkar fram til þeirra sem lægri hefðu launin næðist ekki. Þegar við bættust taumlausar hækkanir á launum æðstu embættismanna þjóðarinnar og Alþingismanna hafi forysta félagsins og félagsfundur ekki talið líðandi að verða áfram bundin af kjarasamningnum frá í febrúar.

4) Jafnframt er á því byggt að launaneftnd hafi með tillögu sinni um desemberuppbót opnað fyrir samningsgerð og höfnun stefnda á tillögunni verði að skoða sem nýtt tilboð til launaneftndar.

Eins og fram komi í niðurstöðu launaneftndarinnar hafi hún sett fram tilboð um hækkun á desemberuppbót til að ná mætti því markmiði kjarasamninganna frá í febrúar að jafna launaþróun þeirra sem sömdu í upphafi árs við launaþróun þeirra er síðar

sömdu svo og markmiða um launajöfnun. Launaneftindin sé með öðrum orðum þeirrar skoðunar að einhver leiðrétting sé nauðsynleg. Eins og komi fram í yfirskrift skjals launaneftindar komi hún fram með tillögu að samkomulagi til handa félögum. Þeirri tillögu hafi félagsmenn stefnda VSFK hafnað, en voru áður búnir að segja upp samningum. Tillöguna telja þeir að verði að skoða sem tilboð um kjarasamning sem hafi verið hafnað og menn séu þar með komnir að samningaborði.

Um málskostnað er vísað til 21. kafla I. 91/1991 og III. kafla laga nr. 25/1987 varðandi dráttarvexti af málskostnaði. Krafa um virðisaukaskatt byggir á lögum nr. 50/1988, en stefndi stundar ekki virðisaukaskattskylda þjónustu.

Niðurstæða.

Samkvæmt I. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnuálagssambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995 voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningnum fólust og skyldu þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um uppsögn kjarasamningsins á samningstímabilinu er fjallað í 17. gr. hans. Samkvæmt þeirri grein skal á samningstímabilinu starfa sérstök launaneftind skipuð þremur fulltrúum frá landsamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Stefndi telur að uppsögn hans á kjarasamningnum hafi bæði að formi og efni verið lögmæt. Það hafi einungis verið á hans valdi að segja upp kjarasamningnum. Það hafi ekki verið í verkahring launaneftindar auk þess sem vinnubrögðum nefndarinnar hafi verið svo áfátt að ákvarðanir hennar beri að telja ógildar.

Hinn 30. nóvember 1995 komst launaneftind að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“

Ljóst er að ágreiningur er með málsaðilum um störf launaneftind-

ar. Meintir annmarkar á störfum nefndarinnar þykja þó ekki þess eðlis að telja verði niðurstöðu nefndarinnar um samningsforsendur markleysu. Aðilar eru sammála um að það hafi verið hlutverk launanefndar að meta forsendur fyrir uppsögn kjarasamningsins, sbr. 16. og 17. gr. hans. Því þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið hvort samningsforsendur hafi staðist. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að forsendur kjarasamningsins hafi brostið.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Uppsögn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.
